

Starfsáætlun: Umsögn leikskóladeildar

Skólaárið 2022-2023

Leikskólinn Arnarsmári

Tengsl við námskrá: Í Arnarsmára er lögð áhersla á vellíðan barna og starf sem kemur þeim til góða og leiðir til aukins vaxtar og þroska. Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins, náms- og þroskaleið barna og notaðar eru fjölbreyttar kennsluaðferðir. Starfsáætlun er unnin í takt við námsskrá leikskólans, markmið og einkunnarorðin, frumkvæði, vinátta og gleði. Áhugavert og fjölbreytt starf sem unnið er af metnaði, alúð og áhuga til að efla leikskólastarfið enn frekar þar sem mismunandi atgervi og ólíkir menningarheimar eru talinn ávinningur fyrir alla.

Endurmat – umbótaáætlun: Mati á skólastarfinu eru gerð góð skil og umbótarþættir koma vel fram í starfsáætluninni. Í matsáætlun eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári og þættir sem skoðast sjaldnar. Matslistar eru til staðar sem meta allt starf innan námssviðanna og er eitt námssvið metið á hverju ári. Fyrirkomulag á mati barna er skýrt lagt fram, þar sem sjónum er beint að áhuga þeirra, getu, hæfni og styrk. Matið er einstaklingsmiðað og gert til að efla hvert barn. Áhugavert og skemmtilegt að sjá hvernig þau koma skoðunum sínum á framfæri, þekkja vel réttindi sín og líður vel í leikskólanum. Ýmsar matsaðferðir eru notaðar s.s. spurningalistar, kannanir, mat frá utanaðkomandi eftirlitsaðilum, viðtöl og fleira. Innra og ytra mat í Arnarsmára er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar, birtar á heimasíðu skólans og í umbótaáætlun.

Þróunar- og nýbreytnistarf: Í Arnarsmára er skólastarfið í stöðugri þróun og þróunarverkefni nýtt til efla skólastarfið enn frekar. Lögð verður áhersla á að halda áfram með þau verkefni sem eru í gangi og að endurvefja þær hefðir sem hafa legið í dvala. Erasmus+ verkefnið „The power of reading“ heldur áfram og er samvinnuverkefni 6 Evrópulanda. Uppbyggingastefnan á stóran sess í skólastarfinu og litar allt starfið og samskipti milli starfsfólks og barna. Lögð er áhersla á fræðslu í formi námskeiða og fræðslu- og spjallmorgna fyrir starfsfólk. Lögð verður áhersla á að gera starfið með Lubba og málhljóðin sýnilegra. Unnið verður að umhverfismennt og mikil vakning er á kennslu með læsi og tækni í leikskólanum eftir heimsóknir kennara til Eistlands. Leikskólastjóri fékk Erasmus+ styrk ásamt fleiri kennurum og stjórnendum í Kópavogi um verkefni sem snýr að menntun til sjálfbærni og verkfæri til innleiðingar sem hann mun geta skipulagt/innleitt.

Endur - og símenntunaráætlun: Áætlun skólans er skýr og tekið fram að starfsfólk fer á námskeið, fræðslumorgna, fyrirlestra og námsferðir sem nýtast skólastarfinu. Áhersla á að sí-endurmenntun sé nauðsynleg til að staðna ekki og ná sér í meiri þekkingu og upprifjun. Starfsmenn sóttu ýmis námskeið s.s börn með erfiða hegðun, fræðsla um snemmtæka íhlutun, barnavernd og úrræði fyrir foreldra, fræðslumorgna í leikskólanum, námsferð til Glasgow og skyndihjál. Starfsfólk er hvatt til nýta sér þá möguleika á námskeiðum sem eru í boði og sækjast eftir því. Skipulagsdagar eru jafnframt nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn, deildafundi, skipulag starfsins og kynningu og fræðslu um stefnur og áætlanir.

Barnasáttmálinn – Heimsmarkmið: Arnarsmári mun verða Réttindaskóli Unicef í nóvember og tileinkar sér vinnu með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í öllu sínu starfi. Réttindaráð

barna var stofnað í vor og stefnt er að því að þau fái fleiri tækifæri til að meta skólastarfið og hafa áhrif. Lögð er áhersla á að börn njóti alls þess sem þau þurfa til að vera hraust, ánægð, ábyrg og upplýst, að tryggt sé að tekið sé tillit til réttinda barna og stuðlað að jafnrétti. Stefna leikskólans, Uppbygging sjálfsaga- uppeldi til ábyrgðar fellur vel að þessari vinnu. Samhliða er unnið að menntun til sjálfbærni, Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna þar sem áhersla er á að börn, forráðamenn og starfsfólk leggi sig fram við að gera það sem þeir geta til að stuðla að sjálfbærni jarðar á öllum sviðum. Unnið er að umhverfismennt og grænánaverkefnið tengist mjög vel þessum þáttum.

Börn: Fjölbreytt, krefjandi og spennandi nám og verkefni sem börnunum stendur til boða. Börnum er kennt að þau geti haft áhrif á starfið, að á þau sé hlustað, kennd sjálfstjórn og sjálfsagi, að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum og ekki síst að þau læri af mistökum í samskiptum og nái að vaxa af þeim. Metnaður til að skapa gott námsumhverfi fyrir börnin og mæta áhuga og þörfum þeirra.

Starfsmenn: Í Arnarsmára er lögð rík áhersla á gott samstarf allra starfsmanna, sem er í anda stefnu skólans, þ.e. vinnu með vináttuna og Blæ, dyggðirnar og Uppbyggingarstefnuna. Mannauður er nýttur og þátttökustjórnun er við lýði. Starfsmannastefna er með góða áherslupætti þar sem lögð er áhersla á að góð samskipti og gagnkvæm virðing sé grundvallarþýðing fyrir vellíðan í starfi og starfsárangur. Það bera allir sameiginlega ábyrgð á því að viðhalda góðum starfsanda og að allir vinni sem ein heild.

Foreldrar: Áherslur á gagnkvæman skilning og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu hvors annars. Foreldrar finni að kennurum sé annt um börn þeirra og þeir beri megin ábyrgð á uppeldi barna sinna. Mikil foreldrasamvinna, formleg og óformleg, áherslur virka vel, eru fjölbreyttar og góðar.

Annað: Breytingar urðu á stjórnunarteymi Arnarsmára, nýr leikskólastjóri, Bryndís Baldvinsdóttir, tók við í ágúst 2021 og nýr aðstoðarleikskólastjóri, Hildur Kristín Helgadóttir, í júlí 2022. Þjóðum við þær hjartanlega velkomnar til starfa og hlökkum til samstarfsins. Þökkum um leið Brynju Björk Kristjánsdóttir og Rannveig Jónsdóttir fyrir ötult og frábært starf í Arnasmára.

Áhugi og metnaður kemur glöggt fram í lýsandi og áhugverðri starfsáætlun.